

Alþingi
Erindi nr. P 133/829



UTL

komudagur 7. 2. 2007
ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 06.02.2007
Tilvísunarnr.: 2007020001

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á iögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100, 1952, með síðari breytingum.

Óeðlilegt má þykja að þær kröfur sem gerðar eru til veitingar íslensks ríkisborgararéttar séu vægari en þær sem gerðar eru til veitingar búsetuleyfis. Frumvarpið felur í sér frekari samræmingu og tengingu skilyrða þar um. Mörkuð er sú megin stefna að umsækjandi hafi þegar fengið útgefið búsetuleyfi þegar sótt er um ríkisborgararétt nema umsækjandi sé undanskilinn dvalarleyfi hér á landi.

Frumvarpið felur í sér að gerð verði krafa um að dvöl umsækjanda ríkisborgararéttar hér á landi hafi verið lögleg. Í núgildandi framkvæmd er nægjanlegt að umsækjandi ríkisborgararéttar sýni fram á samfellda búsetu hérlendis samkvæmt búsetuvottorði frá Þjóðskrá án allrar tengingar til þess hvort hann hafi dvalið hér á landi á gildum leyfum. Slík krafa er ein ef megin skilyrðum fyrir veitingu búsetuleyfis. Þá er lagt til í frumvarpinu að gert verði að skyldu að umsækjanda hafi verið veitt búsetuleyfi þegar sótt er um ríkisborgararétt nema annað eigi við. Í gildandi framkvæmd kann umsækjanda að verða veittur íslenskur ríkisborgararéttur án þess að hafa á dvalartíma sínum uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru til veitingar búsetuleyfis.

Útlendingastofnun tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. Útlendingastofnunar


Anna V. Ólafsdóttir